



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 19. júlí 2020

R20060196

Borgarráð

Bakkastaðir 2, Korpuskóli - Auglýst til leigu

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að auglýsa Bakkastaði 2, Korpuskóla til leigu.

Greinargerð:

Skóla- og frístundasvið hefur sagt upp leigu húsnæðis að Bakkastöðum sem nýtt hefur verið sem starfsstöð Kelduskóla/Korpa frá og með 1. júlí nk. Húsnæðið er um 2.816 fermetra á einni hæð og getur hentað undir ýmsa starfsemi en er hannað sem skólahúsnæði. Nokkrir aðilar hafa sýnt áhuga á að fá húsnæðið á leigu eftir að skóla- og frístundaráð ákvað að sameina starfsemi grunnskóla í Grafarvogi og hætta notkun á húsnæðinu. Leigutími yrði ótímabundinn með 12 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Verði af leigusamningi verður hann lagður fyrir borgarráð til samþykktar.

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu